

9 Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Oddnýjar Jóhannes-
19. jan. dóttur frá Ærlæk, útgefin á venjulegan hátt 19. janúar 1939 að mandatum af dóms-
og kirkjumálaráðherra. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Oddnýjar Jóhannesdóttur frá Ærlæk.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með minningargjöld frá Kvenfélagi Öxfirðinga að upphæð kr. 500.00 — fimm hundruð krónur — er gefnar voru við andlát Oddnýjar Jóhannesdóttur frá Ærlæk. Veitir sjóðurinn viðtöku hverri þeirri minningargjöld um hana, er til kann að fallast.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita sjúklingum og vanheilum gamalmönnum styrk svo sem bezt þykir henta á hverjum tíma.

3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands. Stofnfé má aldrei skerða. Vextir skulu leggjast allir við höfuðstól, unz sjóðurinn er orðinn kr. 2000.00, þá má verja allt að $\frac{3}{4}$ vaxtanna til sjúkrastyrks. Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 10000.00 má, ef þurfa þykir, verja öllum vöxtum til styrktar sjúkum. Afgangur vaxta, sem til fellst í hvert sinn, leggst við höfuðstól.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: Skinnastaðaprestur, formaður Kvenfélags Öxfirðinga og önnur kona, er Kvenfélag Öxfirðinga kýs árlega, á meðan það félag er starfandi. Leggist félagið niður, tilnefnið hreppsnefnd Óxarfjarðarhrepps tvær konur í stjórn sjóðsins í stað þeirra, sem að ofan greinir. Stjórnin velur sér sjálf formann.

5. gr.

Stjórnarnefnd sjóðsins ræður, hverjir verða aðnjótandi styrks á hverjum tíma. Þó má styrkur til hvers einstaklings aldrei vera lægri en kr. 75.00 í hvert sinn. Nú sér stjórnarnefnd enga ástæðu til að veita styrk eitthvert ár, skal þá sú upphæð geymast til næsta árs, eða leggjast við höfuðstól, þygi stjórninni það henta.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og gerir stjórn sjóðsins, þegar eftir hver árslok, reikning sjóðsins, er sendist sýslunefnd til athugunar og endurskoðunar, ásamt skýrslu um störf sjóðsins umliðið ár. Afrit af reikningi og ársskýrslu sjóðsins sé sent Kvenfélagi Öxfirðinga, á meðan það er starfandi.

7. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal beiðast konunglegrar staðfestingar.

Samkvæmt samþykkt á fundi Kvenfélags Öxfirðinga 19. júní 1937, höfum við undirritaðar samið framanskráða skipulagsskrá og undirritað hana eftir að hún hefir verið samþykkt á fundi í Kvenfélagi Öxfirðinga.

Sigurveig Björnsdóttir.

Kristín H. Friðriksdóttir.

Margrét Pálsdóttir.